

Skíðasamband Íslands
Skíðaðing 12.-13.maí 2017



Kópavogur

Efnisyfirlit

1. Þingsetning.....	3
2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar.....	3
3. Ávörp gesta	4
4. Heiðursviðurkenningar SKÍ.....	4
5. Skýrsla stjórnar og nefnda	4
6. Reikningar SKÍ framlagðir	4
7. Álit kjörbréfanefndar.....	4
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga	4
9. Reikningar bornir undir atkvæði.....	5
10. Fjárhagsáætlun lögð fram	5
11. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda	5
12. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar	6
13. Tillögur og ályktanir afgreiddar	7
14. Úthlutun móta og annarra verkefna.....	7
15. Kosningar	8
16. Önnur mál.....	9
17. Þingslit	9

Föstudagur 12. maí 2017

1. Þingsetning

Einar Þór Bjarnason, formaður SKÍ, setti þingið og bauð alla velkomna. Fagnar góðri mætingu þrátt fyrir vólind veður. Annað þingið hans sem formaður og síðustu tvö ár hafa verið krefjandi en skemmtileg og margar óvæntar áskoranir sem hafa komið upp. Það er tækifæri og markmið hreyfingarinnar að bætarekstur sambandsins og vinsældir íþróttarinnar.

Þingsetning var föstudaginn 12. maí kl. 18:00 og áætluð þinglok eru laugardaginn 13. maí kl 16:00.

2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar

Kosnir / tilnefndir voru sem embættismenn þingsins:

Þingforseti var tilnefndur Friðrik Einarsson og Ögmundur Knútsson sem annar þingforseti.

Þingritari var tilnefndur Auðunn Kristinsson og Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir sem annar þingritari.

Tilnefningar samþykktar með lófaklappi.

Þingforseti, Friðrik Einarsson, þakkaði fundarmönnum traustið og gekk beint til dagskrár.

Þingforseti staðfesti að löglega væri til þingsins boðað.

Kosið í starfsnefndir – kjörbréfanefnd og kjörnefnd.

Tilnefnd í kjörbréfanefnd voru þau Árni Páll Jóhannesson, Daníel Jakobsson og Davíð Björnsson.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Tilnefndir í kjörnefnd voru þeir Hlynur Bjarnason, Þóroddur Þóroddsson og Þórunn Sif Harðardóttir.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

3. Ávörp gesta

Hafsteinn Pálsson, fulltrúi ÍSÍ, bar góðar kveðjur frá forseta, framkvæmdastjórn og starfsmönnum ÍSÍ. Þakkar gott samstarf, ræðir nýafstaðið þing ÍSÍ, starf um stefnu afrekssjóðs sem náðist góð sátt um. Mikilvægt að hreyfingin sé samstillt um notkun fjárveitingar frá stjórnvöldum. Gott starf í nefndum og af fulltrúum starfsnefnda auk fulltrúa aðildarsambanda. Skilar sér í trausti til hreyfingarinnar og væntanlega aukinna fjárveitinga í afrekstarfið. Ræðir mikilvægi Getspár og getrauna fyrir íþróttahreyfingar og samkeppni ólöglegra veðmálasíða við getspá sem er í þágu almannaheilla. Umfang starfs ÍSÍ og hreyfingarinnar er að eflast auk þess sem gerðar eru auknar kröfur. Hafsteinn óskar skíðahreyfingunni velfarnaðar í komandi framtíð.

4. Heiðursviðurkenningar SKÍ

Einar Þór formaður SKÍ afhendir Þórunni Sif Harðardóttur og Smára Þorvaldssyni silfurmerki SKÍ.

5. Skýrsla stjórnar og nefnda

Formaður sambandsins, *Einar Þór Bjarnason*, fór yfir skýrslu stjórnar. Þingfulltrúar hafa skýrsluna hjá sér.

Snorri Páll Guðbjörnsson, formaður alpagreinaneftdar, fór yfir skýrslu alpagreinaneftdar.

Kristján Hauksson, formaður skíðagöngunefndar, fór yfir skýrslu skíðagöngunefndar.

Friðbjörn Benediktsson, formaður snjóþrettaneftdar, fór yfir skýrslu snjóþrettaneftdar.

6. Reikningar SKÍ framlagðir

Dagbjartur Halldórsson, gjaldkeri, talar fyrir reikningum. Allir þingfulltrúar hafa reikningana fyrir framan sig til hliðsjónar. Fyrir þingið liggja tveir reikningar til samþykktar, 2015 og 2016.

7. Álit kjörbréfanefndar

Daníel Jakobsson kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. 10 héruð eiga rétt á setu á þinginu og 38 fulltrúar. 36 fulltrúar eru mættir.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Til máls tóku:

Jóhann Borgþórsson – Formaður Brettafélags Hafnarfjarðar

Spyr um þróun skíða hugbúnaðar sem SKÍ keypti frá Svíþjóð og hvort það sé „live“ dómgæslu hluti í kerfinu. Einar Þór þakkar góða ábendingu, snjóþrettahluti kerfisins er stutt kominn en þetta verður kannað.

Kristján Hauksson – Formaður Skíðafélag Ólafsfjarðar

Spyr um ársreikning, kostnað og gjöld tengt Skíðahandbók. Jón Viðar svarar og útskýrir málið. Handbókin kemur ca. út á sléttu en þá á eftir að taka inni samninga styrktaraðila.

Óskar Óskarsson – Skíðafélag Dalvík

Spyr um mótamál og skort á umfjöllun um mótamál í skýrslum nefnda. Má ekki gleymast þrátt fyrir breytt nefndarfyrirkomulag.

Daníel Jakobsson – Skíðafélag Ísafjarðar

Hrósar SKÍ fyrir gott starf. Fagnar mótakerfinu sem hann segir muni koma betri skikk á mótamálin í skíðagöngu. Mun auðvelda aðgengi að úrslitum. Fagnar líka sýnileika SKÍ á samfélagsmiðlum.

Arnfríður Arnardóttir – Brettafélag Hafnarfjarðar

Spyr um styrki og styrktaraðila SKÍ, hvað er að koma frá þeim. Jón Viðar fer yfir helstu styrki og fyrirkomulag þeirra. Nokkuð mikið í formi afsláttar og inneignar sem sést illa í ársreikningum.

Björgvin Hjörleifsson – Skíðafélag Dalvíkur

Tekur til máls um mörk afreksstefnu og hvenær hún verður samþykkt. Fagnar bættri umgjörð um mótamál en saknar eflingu íþróttarinnar og skort á fjölgun í íþróttinni.

9. Reikningar bornir undir atkvæði

Þingforseti bar reikninga sambandsins undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun lögð fram

Fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2017-2018 var kynnt af *Dagbjarti Halldórssyni* gjaldkera SKÍ, en allir þingfulltrúar höfðu hana fyrir framan sig.

11. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda

Þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun 2017-2018. Vísað í allar nefndir.

Þingskjal nr. 2 – Gjaldskrá SKÍ 2017-2019. Vísað í allar nefndir.

Þingskjal nr. 3 – Tillaga að breytingum á lögum SKI frá stjórn SKI. Vísað í allar nefndir.

Þingskjal nr. 4 – Tillaga að breytingu á reglugerð um Andrésar Andar leika frá stjórn SKI. Vísað í allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 5 – Tillaga að breytingu á reglugerð um keppnisleyfi SKI frá stjórn SKI. Vísað í allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 6 – Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKI í alpagreinum frá alpagreinanevnd SKI. Vísað í alpagreinanevnd.

Þingskjal nr. 7 – tillaga um breytingu á reglugerð um Unglingameistaramót frá alpagreinanevnd SKI. Vísað í alpagreinanevnd.

Þingskjal nr. 8 – Tillaga að breytingu á reglugerð um röðun í ráshópa alpagreina frá Alpagreinanevnd SKI. Vísað í alpagreinanevnd.

Þingskjal nr. 9 – Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKI í snjóbrettum frá Snjóbrettanevnd SKI. Vísað í snjóbrettanevnd.

Þingskjal nr. 10 – Tillaga að nýrri reglugerð um Snjóbrettamót Íslands frá Snjóbrettanevnd SKI. Vísað í snjóbrettanevnd.

Þingskjal nr. 11 – Tillaga að breytingu á reglugerð um Unglingameistaramót Íslands frá Snjóbrettanevnd SKI. Vísað í snjóbrettanevnd.

Þingskjal nr. 12 – Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKI í skíðagöngu frá Skíðagöngunefnd SKI. Vísað í skíðagöngunefnd.

Þingskjal nr. 13 – Tillaga að breytingum á lögum SKI frá BFH, BFF og Ármann. Vísað í allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 14 – Tillaga að breytingum á lögum SKI frá BFH og Ármann. Vísað í allsherjarnefnd.

- Þingskjal nr. 15 – Tillaga að breytingu á reglugerð um Íslandsgöngu frá Skíðafélagi Strandamanna. Vísað í skíðagöngunefnd.
- Þingskjal nr. 16 – Tillaga að nýrri reglugerð um Íslands skaut frá SKA, Vísað í skíðagöngunefnd.
- Þingskjal nr. 17 – Tillaga að nýrri reglugerð um Íslandsmót í skíðaskotfimi frá SKA. Vísað í skíðagöngunefnd og allsherjarnefnd.
- Þingskjal nr. 18 – Tillaga að breytingu á reglugerð um Andrésar Andar leikanna frá SKA. Vísað í alpagreinaneftndar
- Þingskjal nr. 19 – Tillaga að breytingum á aldursflokkaheitum í skíðagöngu frá SKA. Vísað í allar nefndir.
- Þingskjal nr. 20 – Tillaga að breytingu á reglugerð um Skíðamót Ísland frá SKA. Vísað í skíðagöngunefnd.
- Þingskjal nr. 21 – Tillaga að umræðu um reglugerð um Andrésar Andar leikana frá SFI. Vísað í allar nefndir.

12. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar

Á þinginu verða fjórar nefndir, alpagreinaneftnd, skíðagöngunefnd, snjóþrettaneftnd og allsherjaneftnd.

Starf nefndanna hófst kl. 9:00 laugardaginn 9. maí. Þar ræddu nefndir þau þingskjöl sem vísað var til þeirra.

Kl.20:38 er þingfundi frestað til kl.13:00 þann 13.maí 2017, en fundir í nefndum hefjast kl.09:00.

Laugardagur 13.maí 2017

13. Tillögur og ályktanir afgreiddar

Nefndirnar kynntu umræður sínar og afgreiðslu tillagna.

Þingskjal 1. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2. Samþykkt með 10 atkvæðum gegn 8.

Þingskjal 3. Hver grein fyrir sig borin upp. Allar samþykktar samhljóða.

Þingskjal 4. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 5. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 6. Breytingartillaga frá skíðagöngunefnd felld, en upprunalega þingskjalið samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8. Breytingartillaga frá allsherjanefnd felld, en upprunalega tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 9. Samþykkt með breytingartillögu stjórnar SKÍ.

Þingskjal 10. Fellt.

Þingskjal 11. Samþykkt með breytingartillögu frá allsherjanefnd.

Þingskjal 12. Samþykkt með breytingartillögu frá stjórn SKÍ.

Þingskjal 13. Fellt

Þingskjal 14. Fellt með 13 atkvæðum gegn 21. 61,75% með en þarf 2/3 (66,6%) þar sem um lagabreytingu er að ræða.

Þingskjal 15. Samþykkt með breytingartillögu frá alpagreinaneftnd.

14. Úthlutun móta og annarra verkefna.

Samkvæmt lögum Skíðasambandsins á að úthluta Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands til tveggja ára. Ákveðið hefur verið eftirfarandi:

- UMÍ 2018 – Skíðafélag Ísfirðinga
- SMÍ 2018 – Breiðablik og Ullur (með fyrirvara um að búið sé að leysa aðstöðumál í Skálafelli fyrir stórsvig)
- UMÍ 2019 – Skíðafélag Akureyrar
- SMÍ 2019 – Skíðafélag Ísafjarðar

Fyrr á þinginu var samþykkt að halda Snjóþremmát Íslands frá og með næsta tímabili. SKÍ mun senda út auglýsingu til aðildarféлага og óska eftir umsókn strax að loknu þingi. Verður ákvörðun kynnt um leið og hún liggur fyrir.

15. Kosningar

Formaður kosinn til tveggja ára, *Einar Þór Bjarnason* býður sig til áframhaldandi formannssetu. Tillagan var samþykkt með lófaklappi þar sem ekki voru fleiri framboð.

Einar Þór Bjarnason þakkaði fyrir traustið.

Kosið um sex í stjórn til tveggja ára. Í framboði eru: *Auðunn Kristinsson, Dagbjartur Halldórsson, Eðvald Garðarsson, Einar Ólafsson, Friðbjörn Benediktsson, Kristján Hauksson, Snorri Páll Guðbjörnsson og Ögmundur Knútsson.*

Frambjóðendur kynna sig og kosning fer fram. Niðurstaða kosninga:

Snorri Páll Guðbjörnsson 32 atkvæði

Dagbjartur Halldórsson 30 atkvæði

Ögmundur Knútsson 29 atkvæði

Friðbjörn Benediktsson 29 atkvæði

Kristján Hauksson 28 atkvæði

Einar Ólafsson 23 atkvæði

Eðvald Garðarsson 15 atkvæði

Auðunn Kristinsson 9 atkvæði

Kosið um þrjá í varastjórn til tveggja ára. Í framboði eru: *Arnfríður Arnardóttir, Guðmundur Guðjónsson og Kári Elíasson.*

Frambjóðendur kynna sig og kosning fer fram. Niðurstaða kosninga: Arnfríður Arnardóttir fyrsti varamaður, Guðmundur Guðjónsson annar varamaður og Kári Elíasson þriðji varamaður.

Kosið um fjóra í alpagreinanevnd. Í framboði eru: *Brynja Þorsteinsdóttir, Brynjar Jökull Guðmundsson, Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir, Fjalar Úlfarsson og Garðar Þorvarsson.*

Frambjóðendur kynna sig og kosning fer fram. Niðurstaða kosninga:

Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir 33 atkvæði

Garðar Þorvarðsson 33 atkvæði

Brynjar Þorsteinsdóttir 32 atkvæði

Fjalar Úlfarsson 27 atkvæði

Brynjar Jökull Guðmundsson 11 atkvæði

Kosið um fjóra í skíðagöngunefnd. Í framboði eru: *Málfríður Guðmundsdóttir, Kristbjörn Sigurjónsson, Vadim Gusev og Þóroddur Þóroddsson.* Samþykkt með lófaklappi.

Kosið um fjóra í snjóþremmanefnd. Í framboði: *Arnfríður Arnardóttir, Birgir Örn Tómasson, Kristján Kristjánsson og Jón Teitur Sigmundsson.* Samþykkt með lófaklappi.

Kosið um tvo í laga- og reglugerðarnefnd. Í framboði eru: *Dan Brynjarsson, Smári Þorvaldsson, Stefán Árni Auðólfsson og Vilhjálmur Ólafsson.*

Frambjóðendur kynna sig og kosning fer fram. Niðurstaða kosninga:

Stefán Árni Auðólfsson 30 atkvæði

Smári Þorvaldsson 17 atkvæði

Dan Brynjarsson 14 atkvæði

Vilhjálmur Ólafsson 9 atkvæði

Kosið um tvo í aganefnd. Í framboði eru: *Ásgeir Magnússon og Ingólfur Gíslason.* Samþykkt með lófaklappi.

Skoðunarmenn reikninga voru kosnir sem aðalmenn: *Smári Þorvaldsson og Þórunn Sif Harðardóttir.* Til vara: *Hrefna Magnúsdóttir og Sigrún Inga Kristinsdóttir.* Samþykkt með lófaklappi.

16. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá.

17. Þingslit

Einar Þór Bjarnason: þakkaði fyrir gott þing og sagðist hlakka til að vinna með skíðahreyfingunni á næstu misserum.

Skíðaðingi 2017 er slitið.

ÞINGSKJAL nr. 1**Tillaga að fjárhagsáætlun 2017 og 2018**

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Tekjur	Áætlun 2018	Áætlun 2017
Lottó	9.500.000 kr.	8.400.000 kr.
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	2.000.000 kr.	2.000.000 kr.
Afeks sjóður ÍSÍ	12.000.000 kr.	8.000.000 kr.
Aðrir styrkir frá ÍSÍ	3.000.000 kr.	2.000.000 kr.
Ríkisstyrkur	3.100.000 kr.	3.100.000 kr.
FIS styrkur	14.000.000 kr.	13.500.000 kr.
Ólympíusamhjálpin	6.000.000 kr.	7.000.000 kr.
Aðrir styrkir og framlög	8.500.000 kr.	7.500.000 kr.
Tekjur af mótum	1.500.000 kr.	8.500.000 kr.
Félagsgjöld	5.400.000 kr.	
Auglýsingartekjur	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.
Aðrar tekjur	1.000.000 kr.	500.000 kr.
Framlög keppnisfólks	14.000.000 kr.	13.000.000 kr.
Samtals	83.000.000 kr.	76.500.000 kr.
	Áætlun 2018	Áætlun 2017
Gjöld		
<u>Rekstur skrifstofu og yfirstjórnar</u>		
Laun og launtengd gjöld	12.500.000 kr.	11.000.000 kr.
Ferða- og fundakostnaður	5.000.000 kr.	4.000.000 kr.
Gjaldfærð áhöld	400.000 kr.	400.000 kr.
Símakostnaður	600.000 kr.	700.000 kr.
Tölvu og heimasíðukostnaður	500.000 kr.	1.500.000 kr.
Ritföng, prentun og burðargjöld	250.000 kr.	350.000 kr.
Aðkeypt þjónusta	600.000 kr.	500.000 kr.
Annar rekstur skrifstofu	1.000.000 kr.	730.000 kr.
Afskrifaðar kröfur	0 kr.	0 kr.
	20.850.000 kr.	19.180.000 kr.

	2018	2017
<u>Kostnaður alpagreina</u>		
Laun þjálfara	4.000.000 kr.	4.400.000 kr.
Ferðakostnaður	12.000.000 kr.	11.500.000 kr.
Gjaldfærð áhöld	600.000 kr.	550.000 kr.
Styrkir til keppenda	8.000.000 kr.	6.500.000 kr.
Annar kostnaður	2.000.000 kr.	2.900.000 kr.
	26.600.000 kr.	25.850.000 kr.
<u>Kostnaður skíðagöngu</u>		
Laun þjálfara	2.500.000 kr.	2.000.000 kr.
Ferðakostnaður	5.500.000 kr.	5.800.000 kr.
Styrkir til keppenda	5.000.000 kr.	4.500.000 kr.
Annar kostnaður	1.000.000 kr.	1.305.000 kr.
	14.000.000 kr.	13.605.000 kr.
<u>Kostnaður snjóbreitta</u>		
Laun þjálfara	1.600.000 kr.	1.000.000 kr.
Ferðakostnaður	4.000.000 kr.	3.200.000 kr.
Styrkir til keppenda	500.000 kr.	0 kr.
Annar kostnaður	500.000 kr.	595.000 kr.
	6.600.000 kr.	4.795.000 kr.
Mótakostnaður	5.500.000 kr.	5.000.000 kr.
<u>Kynning, fræðsla og útbreiðsla</u>		
Fræðslumál	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.
Útbreiðslumál	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.
Blaðaútgáfa	2.000.000 kr.	2.000.000 kr.
	8.000.000 kr.	8.000.000 kr.
Samtals	81.550.000 kr.	76.430.000 kr.
Hagnaður (tap) ársins án fjármagnsliða	1.450.000 kr.	70.000 kr.
Vaxtatekjur	0 kr.	0 kr.
Vaxtagjöld	0 kr.	0 kr.
Samtals	0 kr.	0 kr.
Hagnaður (tap) ársins	1.450.000 kr.	70.000 kr.

ÞINGSKJAL nr. 2

Tillaga að breytingu á reglugerð um gjaldskrá SKÍ

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

- Félagsgjald kr. **3.600** pr. iðkenda pr. félag
- Gjald fyrir eftirlitsmannanámskeið kr. **12.500** pr. hérað
- Dagpeningar eftirlitsmanns og dómara kr. **10.000** pr. keppnisdag gr. ½ af MH ½ SKÍ
- Gjald fyrir keppnisleyfi FIS kr. **5.000** skv. ákvörðun FIS
 - Prefalt gjald eftir 1. September
- Gjald fyrir félagaskipti kr. **10.000** helmingur til SKÍ
- Mótagjöld renna óskipt til mótshaldara:
 - Bikarmót SKÍ kr. **2.500** pr. grein
 - Entry League FIS mót kr. **2.500** pr. grein
 - Unglingameistaramót kr. **3.000** pr. grein
 - FIS mót, SMÍ, SBÍ kr. **5.000** pr. grein

ÞINGSKJAL nr. 3

Tillaga að breytingu á lögum SKÍ

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Var:

1. grein - Heiti og staðsetning

a. Skíðasamband Íslands, SKÍ, er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra íþróttafélaga sem iðka, æfa og keppa í skíðaíþróttinni.

Verður:

1. grein - Heiti og staðsetning

a. Skíðasamband Íslands, SKÍ, er samband **íþróttafélaga innan** héraðssambanda og íþróttabandalaga. **Öll félög innan ÍSÍ sem iðka, æfa og keppa í skíða- og snjóbreittaíþróttum samkvæmt alþjóðaskíðasambandinu FIS geta átt aðild að SKÍ, enda eru lög þeirra í samræmi við lög SKÍ og ÍSÍ. Hér eftir nefnd aðildarfélög.**

Var:

2. grein - Hlutverk og tilgangur

a. Skíðasamband Íslands, SKÍ, hefur æðsta vald um sérgreinamálefni skíðaíþróttarinnar innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ.

b. Tilgangur SKÍ er að hafa yfirstjórn á málefnum skíðaíþróttarinnar á Íslandi og vinna að eflingu hennar, með því að:

2.b.1. Koma fram fyrir hönd ÍSÍ á sviði skíðaíþróttarinnar.

Verður:

2. grein - Hlutverk og tilgangur

a. Skíðasamband Íslands, SKÍ, hefur æðsta vald um sérgreinamálefni skíða- og **snjóbreittaíþróttarinnar** innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ.

b. Tilgangur SKÍ er að hafa yfirstjórn á málefnum skíða- og **snjóbreittaíþróttarinnar** á Íslandi og vinna að eflingu hennar, með því að:

2.b.1. Koma fram fyrir hönd ÍSÍ á sviði skíða- og **snjóbreittaíþróttarinnar**.

Var:

6. grein - Skíðapíng hefur æðsta vald um málefni SKÍ. ÍSÍ skal staðfesta samþykktir þess um sérgreinamálefni, enda brjóti þær ekki í bága við lög ÍSÍ og FIS. Hvert aðildarfélag sem er aðili að SKÍ á rétt á einum fulltrúa. Auk hans eiga rétt á þingsetu, fulltrúar í samræmi við samanlagðan fjölda skráðra keppenda á Skíðamóti Íslands, Unglingameistaramóti Íslands og á Andrésar andar leikum. Hver keppandi telst aðeins einu sinni, þannig að fyrir:

Keppendur	Fulltrúar
Óháð keppendafjöldi	1
1-30	2
31-70	3
71-120	4
121-180	5
181-250	6
251 og fleiri	7

Aðildarfélög skulu vera skuldlaus við SKÍ þegar þingið hefst til að halda atkvæðisrétti. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum. Lagabreytingatillögur þarf þó að samþykkja með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða til að lög öðlist gildi. Allir fulltrúar skulu tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi aðildarfélagi og skal skila inn kjörbréfum við upphaf þinghalds. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en getur þó auk þess farið með annað atkvæði samkvæmt skriflegu umboði kjörins fulltrúa sama félags. Aðeins sá sem er félagi aðildarfélags er kjörgengur fulltrúi þess á skíðapíngi. Skíðapíng er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

Verður:

6. grein - Skíðapíng hefur æðsta vald um málefni SKÍ. ÍSÍ skal staðfesta samþykktir þess um sérgreinamálefni, enda brjóti þær ekki í bága við lög ÍSÍ og FIS. Hvert aðildarfélag **getur sent fjóra fulltrúa á skíðapíng en fær úthlutað atkvæðum á skíðapíng eftir iðkendafjölda sínum, þannig að fyrir:**

Iðkendur	Atkvæði
1-40	1
41-90	2
91-160	3
161 og fleiri	4

Aðildarfélög skulu vera skuldlaus við SKÍ þegar þingið hefst til að halda atkvæðisrétti. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum. Lagabreytingatillögur þarf þó að samþykkja með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða til að lög öðlist gildi. **Fulltrúar atkvæða** skulu tilgreindir á kjörbréfi frá

viðkomandi aðildarfélagi og skal skila inn kjörbréfum við upphaf þinghalds. Leyfilegt er að einn fulltrúi fari með öll atkvæði viðkomandi aðildarfélags. Aðeins sá sem er félagi aðildarfélags er kjörgengur fulltrúi þess á skíðapingi. Skíðaping er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

Var:

7. grein - Á skíðapingi hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaga atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

f. Fulltrúi héraðssambands/íþróttabandalags sem hefur skíðaíþróttina innan sinna vébanda.

Verður:

7. grein - Á skíðapingi hafa einungis **tilgreindir** fulltrúar í **kjörbréfi viðkomandi aðildarfélags** atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

f. Fulltrúi héraðssambands/íþróttabandalags sem hefur skíða- og **snjóbreitta**íþróttina innan sinna vébanda.

Var:

8. grein - Störf skíðapings eru

16. Kosningar samkvæmt tillögu kjörnefndar:

d. Kosning þriggja manna í fastanefndir til tveggja ára og einn tilnefndur af stjórn sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

4. Aganefnd

5. Laga- og reglugerðarnefnd

Verður:

8. grein - Störf skíðapings eru

16. Kosningar samkvæmt tillögu kjörnefndar:

d. Kosning **tveggja** manna í fastanefndir til **eins árs** og einn tilnefndur af stjórn sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

4. Aganefnd

5. Laga- og reglugerðarnefnd

Var:

11. grein - Stjórnin annast rekstur SKÍ milli skíðapinga. Mál teljast einungis samþykkt, greiði meirihluti stjórnar því atkvæði sitt.

Verður:

11. grein - Stjórnin annast rekstur SKÍ milli skíðapinga. Mál teljast einungis samþykkt, greiði meirihluti stjórnar því atkvæði sitt. **Stjórn SKÍ skal setja sér starfsreglur og kynna þær fyrir aðildarfélögum á formannafundi SKÍ.**

Var:

12. grein - Stjórn SKÍ skal á hverju hausti boða formenn skíðaráða og skíðafélaga/-deilda ásamt öðrum fulltrúa til formannafundar. Verkefni fundarins er að kynna mótaskrá, fara yfir samþykktir síðasta skíðaðings og undirbúa starf komandi vetrar. Ennfremur skal formannafundur taka til umfjöllunar tillögur um breytingar á lögum sem leggja á fyrir næsta skíðaðing. Á því ári sem ekki er skíðaðing skal stjórn SKÍ boða til málþings um stöðu og málefni skíðahreyfingarinnar.

Verður:

12. grein - Stjórn SKÍ skal á hverju hausti boða formenn **aðildarfélaga** ásamt öðrum **fulltrúum** til formannafundar. Verkefni fundarins er að kynna mótaskrá, fara yfir samþykktir síðasta skíðaðings og undirbúa starf komandi vetrar. Ennfremur skal formannafundur taka til umfjöllunar tillögur um breytingar á lögum sem leggja á fyrir næsta skíðaðing. Á því ári sem ekki er skíðaðing skal stjórn SKÍ boða til málþings um stöðu og málefni skíðahreyfingarinnar. **Á formannafundi má gera reglugerðabreytingar, með samþykki nýrra reglugerða eða með breytingum á eldri reglugerðum, en breytingartillögur skulu berast stjórn SKÍ að lágmarki tveim vikum fyrir fund. Við kosningu um reglugerðabreytingar skal atkvæðafjöldi vera sá sami og á skíðaðingi skv. 6.grein.**

Rökstuðningur Breytingar á lögum eru í takt við tekjulíkansbreytingar sem stjórn SKÍ hefur áður kynnt. SKÍ telur eðlilegra að aðildarfélög borgi til SKÍ eftir stærð sinni og á sama tíma fái atkvæði á skíðaðing einnig eftir stærð sinni eða iðkenda fjölda.

Stjórn SKÍ telur einnig mikilvægt að hægt verði að taka til greina reglugerðarbreytingar á formanna- og ársfundi þar sem skíðaðing FIS er á tveggja ára fresti á skjön við skíðaðing SKÍ. Þar eru oft gerðar mikilvægar breytingar og erfitt að bíða í eitt ár til að geta breytt okkar reglum.

ÞINGSKJAL nr. 4

Tillaga að breytingu á reglugerð um Andrésar Andar leikana

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Eftir breytingar: Verði ný lög og ný gjaldskrá samþykkt leggur stjórn SKÍ að reglugerð um Andrésar Andar leikana falli niður.

Rökstuðningur: SKÍ telur að þessi viðurburður eigi alfarið heima hjá SKA ef ný lög og gjaldskrá verði samþykkt.

ÞINGSKJAL nr. 5

Tillaga að breytingu á reglugerð um keppnisleyfi SKÍ

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Eftir breytingar: Verði ný lög og ný gjaldskrá samþykkt leggur stjórn SKÍ að reglugerð um keppnisleyfi SKÍ falli niður.

Rökstuðningur: Hluti af þeim breytingum sem SKÍ leggur fyrir þingið er að fella niður keppnisleyfi SKÍ í núverandi mynd.

ÞINGSKJAL nr. 6

Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum

Flutningsaðili: Alpagreinanevnd SKÍ

Núverandi grein er:

- Halda skal tvö (2) bikarmót unglinga 12-13 ára, auk Unglingameistaramóts. Halda skal þrjú (3) bikarmót unglinga 14-15 ára, auk Unglingameistaramóts. Halda skal fjögur (4) bikarmót fullorðinna í svigi og stórsvigi auk Skíðamóts Íslands. Leitast skal við að halda bikarmótin hjá 16 ára og eldri á þremur keppnishelgum. Niðurröðun móta er á hendi mótanefnda SKÍ.
- Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðilum sem eiga aðild að SKÍ og með gild keppnisleyfi. Í leikskrá og skýrslum þessara móta skal tilgreina hvaða félag eða byggðarlag keppandi keppir fyrir
- Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við mótanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til mótanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal mótanefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur mótanefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.
- Mæti aðeins eitt lið til leiks á keppnisdegi auk heimahéraðs í viðkomandi grein skal fresta henni/þeim til næsta dags og halda hana/þær þá, enda þótt fleiri héruð mæti ekki til leiks. Mótsstjórn er þó heimilt að nota þriðja daginn til að ljúka mótinu, ef ekki næst að halda það allt á öðrum degi.
- Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
- Framkvæmdaaðilar millihéraðamóta láti stjórn SKÍ svo og öllum þátttökuhéruðum, félögum og samböndum mótsins í té eitt fullunnið eintak af mótaskýrslum sínum í lausblaðaformi.
- Á bikarmótum skal vera eftirlitsmaður, sem skipaður er af SKÍ skv. reglugerð um eftirlitsmenn.
- Skíðasamband Íslands skal fyrir 10. janúar ár hvert raða eftirlitsmönnum niður á Skíðamót Íslands, Unglingameistaramót Íslands, bikarmót og þau mót í héraði er sótt er um í alpagreinum. Eftirlitsmenn skulu hafa lokið eftirlitsmannanámskeiði á vegum SKÍ eða sambærilegu námskeiði erlendis.
- Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS um skíðamót.

18.

Útreikningur á bikarstigum

- Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í svigi og stórsvigi í öllum flokkum 12 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr Bikarmótum, Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita.
- Stigagjöf er þannig:

1.sæti	100 stig	11.sæti	24 stig	21.sæti	10 stig
--------	----------	---------	---------	---------	---------

2.sæti	80 stig	12.sæti	22 stig	22.sæti	9 stig
3.sæti	60 stig	13.sæti	20 stig	23.sæti	8 stig
4.sæti	50 stig	14.sæti	18 stig	24.sæti	7 stig
5.sæti	45 stig	15.sæti	16 stig	25.sæti	6 stig
6.sæti	40 stig	16.sæti	15 stig	26.sæti	5 stig
7.sæti	36 stig	17.sæti	14 stig	27.sæti	4 stig
8.sæti	32 stig	18.sæti	13 stig	28.sæti	3 stig
9.sæti	29 stig	19.sæti	12 stig	29.sæti	2 stig
10.sæti	26 stig	20.sæti	11 stig	30.sæti	1 stig

- Ef einstaklingar á meðal 6 efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta, 3. sæta o.s.frv. sem þeir hafa náð á vetrinum. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
- Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrjár efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einungis fullkláruð mót koma til útreiknings, þ.e.a.s. þegar farnar hafa verið tvær ferðir.
- Reikna skal saman stigafjölda hvers félags/ráðs fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki og veita því stigahæsta í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einnig skal veita verðlaun til þess félags/ráðs sem hefur fengið flest samanlögð stig í öllum flokkum og skal það félag/ráð kallast Bikarmeistari SKÍ það árið og hljóta verðlaun að loknu síðasta móti. Hvert félag/ráð safnar stigum undir skráðu nafni.

Eftir breytingar:

- Halda skal eftirfarandi bikarmót:
 - 12-13 ára – Tvö bikarmót auk UMÍ
 - 14-15 ára – Þrjú bikarmót auk UMÍ
 - 16 ára og eldri – Fjögur bikarmót auk SMÍ
- Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðilum sem eiga aðild að SKÍ. Í leikskrá og skýrslum þessara móta skal tilgreina hvaða félag eða byggðarlag keppandi keppir fyrir
- Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við alþagreinanevnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til alþagreinanevndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á

annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal alpagreinanevnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur alpagreinanevnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.

4. Mæti aðeins eitt lið til leiks á keppnisdegi auk heimahéraðs í viðkomandi grein skal fresta henni/þeim til næsta dags og halda hana/þær þá, enda þótt fleiri héruð mæti ekki til leiks. Mótsstjórn er þó heimilt að nota þriðja daginn til að ljúka mótinu, ef ekki næst að halda það allt á öðrum degi.
5. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
6. Framkvæmdaaðilar millihéraðamóta láti stjórn SKÍ svo og öllum þátttökuhéruðum, félögum og samböndum mótsins í té eitt fullunnið eintak af mótaskýrslum sínum í lausblaðaformi.
7. Verðlaun á bikarmótum:
 - 12-13 ára – 3 verðlaun
 - 14-15 ára – 3 verðlaun
 - 16 ára og eldri – 3 verðlaun
8. Á bikarmótum skal vera eftirlitsmaður. Á FIS mótum 16 ára og eldri er eftirlitsmaður skipaður af FIS en á bikarmótum fyrir 12-15 ára er eftirlitsmaður skipaður af SKÍ skv. reglugerð um eftirlitsmenn.
9. Skíðasamband Íslands skal fyrir 10. janúar ár hvert raða eftirlitsmönnum niður á Skíðamót Íslands, Unglingameistaramót Íslands, bikarmót og þau mót í héraði er sótt er um í alpagreinum. Eftirlitsmenn skulu hafa lokið eftirlitsmannanámskeiði á vegum SKÍ eða sambærilegu námskeiði erlendis.
10. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS um skíðamót.

Útreikningur á bikarstigum

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í svigi og stórsvigi í öllum flokkum 12 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr Bikarmótum, Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita.
2. Stigagjöf er þannig:

1.sæti	100 stig	11.sæti	24 stig	21.sæti	10 stig
2.sæti	80 stig	12.sæti	22 stig	22.sæti	9 stig
3.sæti	60 stig	13.sæti	20 stig	23.sæti	8 stig

4.sæti	50 stig	14.sæti	18 stig	24.sæti	7 stig
5.sæti	45 stig	15.sæti	16 stig	25.sæti	6 stig
6.sæti	40 stig	16.sæti	15 stig	26.sæti	5 stig
7.sæti	36 stig	17.sæti	14 stig	27.sæti	4 stig
8.sæti	32 stig	18.sæti	13 stig	28.sæti	3 stig
9.sæti	29 stig	19.sæti	12 stig	29.sæti	2 stig
10.sæti	26 stig	20.sæti	11 stig	30.sæti	1 stig

3. Ef einstaklingar á meðal 6 efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta, 3. sæta o.s.frv. sem þeir hafa náð á vetrinum. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrír efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einungis fullkláruð mót koma til útreiknings, þ.e.a.s. þegar farnar hafa verið tvær ferðir.
5. Keppt er í eftirfarandi flokkum til bikarmeistara:
 - 12-13 ára
 - 14-15 ára
 - 16-17 ára
 - 18-20 ára
 - Fullorðinsflokkur (allir 16 ára og eldri)
5. Reikna skal saman stigafjölda hvers félags/ráðs fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki og veita því stigahæsta í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einnig skal veita verðlaun til þess félags/ráðs sem hefur fengið flest samanlögð stig í öllum flokkum og skal það félag/ráð kallast Bikarmeistari SKÍ það árið og hljóta verðlaun að loknu síðasta móti. Hvert félag/ráð safnar stigum undir skráðu nafni.

Rökstuðningur: Alpagreinanevnd SKÍ telur að of mörg verðlaun séu veitt miðað við fjölda keppenda. Eðlilegt sé að veita verðlaun í sama flokki og veitt fyrir bikarmeistara. Einnig má benda á að kostnaður við verðlaunagripi miðað við mótstekjur er of hár, öll mót skila nánast engu til mótshaldara.

ÞINGSKJAL nr. 7

Tillaga að breytingu á reglugerð um Unglingameistaramót Íslands

Flutningsaðili: Alpagreinanevnd SKÍ

Núverandi grein er:

8. Á Unglingameistaramóti verði krýndir unglíngameistarar í flokki 12-15 ára sem hér segir:
- Unglingameistari 12 ára pílta í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
 - Unglingameistari 12 ára stúlkna í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
 - Unglingameistari 13 ára pílta í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
 - Unglingameistari 13 ára stúlkna í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
 - Unglingameistari 14 ára pílta í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
 - Unglingameistari 14 ára stúlkna í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
 - Unglingameistari 15 ára pílta í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
 - Unglingameistari 15 ára stúlkna í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.

Veitt verði verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki.

Eftir breytingar:

8. Á Unglingameistaramóti verði krýndir unglíngameistarar í flokki 12-15 ára sem hér segir:
- Unglingameistari 12-13 ára pílta í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
 - Unglingameistari 12-13 ára stúlkna í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
 - Unglingameistari 14-15 ára pílta í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
 - Unglingameistari 14-15 ára stúlkna í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.

Veitt verði verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki.

Rökstuðningur: Alpagreinanevnd SKÍ telur að of mörg verðlaun séu veitt miðað við fjölda keppenda. Eðlilegt sé að veita verðlaun í sama flokki og veitt fyrir bikarmeistara. Einnig má benda á að kostnaður við verðlaunagripa miðað við mótstekjur er of hár, öll mót skila nánast engu til mótshaldara.

ÞINGSKJAL nr. 8

Tillaga að breytingu á reglugerð um röðun í ráshópa alpagreina 12-15 ára

Flutningsaðili: Alpagreinanevnd SKÍ

Núverandi grein er:

Á fyrsta Bikarmóti eru allir dregnir út. Í seinni ferð er ræst eftir tímum fyrri ferðar og 15. í viðsnúning.

Á Bikarmótum eftir fyrsta mót vetrarins er farið eftir bikarstigum, fyrstu 15. dregnir út og síðan ræst eftir bikarstigum í ráshópa. Í seinni ferð er ræst eftir tímum fyrri ferðar og 15. í viðsnúning.

Eftir breytingar:

Á fyrsta Bikarmóti eru allir dregnir út. Í seinni ferð er ræst eftir tímum fyrri ferðar og 30. í viðsnúning.

Á Bikarmótum eftir fyrsta mót vetrarins er farið eftir bikarstigum, fyrstu 15. dregnir út og síðan ræst eftir bikarstigum í ráshópa. Í seinni ferð er ræst eftir tímum fyrri ferðar og 30. í viðsnúning.

Rökstuðningur: Alpagreinanevnd SKÍ vill breyta þessari reglugerð til að samræma hana við reglur FIS fyrir þennan aldurshóp.

ÞINGSKJAL nr. 9

Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ á snjóbrettum

Flutningsaðili: Snjóbrettanefnd SKÍ

Núverandi grein er:

- Halda skal tvö (2) bikarmót, auk Unglingameistaramóts. Niðurröðun móta er á hendi mótanefnda SKÍ.
- Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðilum sem eiga aðild að SKÍ og með gild keppnisleyfi. Í leikskrá og skýrslum þessara móta skal tilgreina hvaða félag keppandi keppir fyrir.
- Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við mótanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur SKÍ um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til mótanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal mótanefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur mótanefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.
- Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
- Framkvæmdaaðilar bikarmóta komi úrslit til skrifstofu SKÍ og þátttakendum að móti loknu.
- Á bikarmótum skal vera dómari, sem skipaður er af SKÍ.
- Skíðasamband Íslands skal fyrir 10. janúar ár hvert raða dómurum niður á bikarmót og Unglingameistaramót. Dómarar skulu hafa lokið dómaranámskeiði á vegum SKÍ eða sambærilegu námskeiði erlendis.
- Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS um snjóbrettamót.

Eftir breytingar:

- Keppa skal í eftirfarandi flokkum hjá hvoru kyni:

	2017/2018	2018/2019
U13	2005 2004	2006 2005
U15	2003 2002	2004 2003
U17	2001 2000	2002 2001
Fullorðinsflokkur	1999 og eldri	2000 og eldri

- Halda skal tvö (2) bikarmót auk Snjóbrettamóts Íslands.
 - Fyrsta bikarmót: SS - SBX
 - Annað bikarmót: SS - SBX
 - Snjóbrettamót Íslands: SS - BA
- Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðilum sem eiga aðild að SKÍ. Í leikskrá og skýrslum þessara móta skal tilgreina hvaða félag keppandi keppir fyrir.

4. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við snjóbrettanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur SKÍ um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til snjóbrettanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal nefndin úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur snjóbrettanefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.
5. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
6. Framkvæmdaaðilar bikarmóta komi úrslit til skrifstofu SKÍ og þátttakendum að móti loknu.
7. Verðlaun á bikarmótum hjá hvoru kyni:
 - U13 – 3 verðlaun
 - U15 – 3 verðlaun
 - U17 – 3 verðlaun
 - Fullorðinsflokkur – 3 verðlaun
8. Á bikarmótum skal vera dómnefnd, sem skipuð er af SKÍ. Eftirlitsmaður er skipaður af FIS.
9. Skíðasamband Íslands skal fyrir 10. janúar ár hvert raða dómurum niður á bikarmót og Snjóbrettamót Íslands. Dómarar skulu hafa lokið dómaramámskeiði á vegum SKÍ eða sambærilegu námskeiði erlendis. Dómarar geta ekki verið starfandi þjálfarar hjá aðildarfélögum SKÍ.
10. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS um snjóbrettamót.

Rökstuðningur: Snjóbrettanefnd SKÍ telur að einfaldara sé að halda Snjóbrettamót Íslands sér heldur en að blanda því við UMÍ og/eða SMÍ. Munurinn á greinunum er mikill og telur nefndin að þetta geti einfaldað og auðveldað mótahald stórmóta. Stór þáttur í þessari tillögu er sú að ekki eru allir mótsstaðir sem sækja um UMÍ og SMÍ með snjóbrettadeild/starf né snjóbredda aðstöðu.

Breyting á aldursflokkum er í takt við aldursflokka frá FIS. Öll mót yrðu bæði FIS og TTR og gefa því alþjóðleg stig inná báða heimslista.

ÞINGSKJAL nr. 10

Tillaga að nýrri reglugerð um Snjóþrettamót Íslands

Flutningsaðili: Snjóþrettanefnd SKÍ

Ný grein yrði:

1. Snjóþrettamót Íslands skal fara fram ár hvert nema veður og aðstæður hamli.
2. Þau aðildarfélög er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn til SKÍ fyrir 15 apríl. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins, aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Snjóþrettamót Íslands skal ákveðinn á Skíðáþingi tvö ár fram í tímann. Mótshaldari skal þá þegar skipa mótsstjórn sem kynnir undirbúning, dagsetningu og dagskrá á næsta Skíðáþingi.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið samkvæmt móta og keppnisreglum ÍSÍ.
4. Eftirlitsmaður á mótið er skipaður af FIS en SKÍ útnefnir þriggja manna dómnefnd.
5. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á ráslista.
6. Keppa skal í eftirtöldum greinum og flokkum:

Snjóþretti				
SS	U13	U15	U17	Fullorðinsflokkur
BA	U13	U15	U17	Fullorðinsflokkur

7. Að öðru leyti gilda hinnar almennu reglur FIS um snjóþrettamót.

Rökstuðningur: Snjóþrettanefnd SKÍ telur að einfaldara sé að halda Snjóþrettamót Íslands sér heldur en að blanda því við UMÍ og/eða SMÍ. Munurinn á greinunum er mikill og telur nefndin að þetta geti einfaldað og auðveldað mótahald stórmóta. Stór þáttur í þessari tillögu er sú að ekki eru allir mótsstaðir sem sækja um UMÍ og SMÍ með snjóþrettadeild/starf né snjóþretta aðstöðu.

ÞINGSKJAL nr. 11

Tillaga að breytingu á reglugerð um Unglingameistaramót Íslands
Flutningsaðili: Snjóbrettanefnd SKÍ

Eftir breytingar: Allt um snjóbretti verði tekið útúr reglugerðinni ef þingskjal um „Snjóbrettamót Íslands“ verður samþykkt.

Rökstuðningur: Ef “Snjóbrettamót Íslands” verður að veruleiki myndi það vera UMÍ fyrir snjóbrettaiðkendur.

ÞINGSKJAL nr. 12

Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu

Flutningsaðili: Skíðagöngunefnd SKÍ

Núverandi grein er:

3. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við mótanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrautir. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til mótanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal mótanefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis.

4. Í Bikarmótum SKÍ skal hafa til hliðsjónar þær vegalengdir sem keppt er í á UMÍ og SMÍ. Vegalengdir og keppnisform ásamt göngutækninni skal ákvarðast af mótshaldara í samráði við SKÍ/Skíðagöngunefnd ár hvert.

Eftir breytingar:

3. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við skíðagöngunefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrautir. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til skíðagöngunefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal skíðagöngunefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis.

4. Á Bikarmótum SKÍ skal hafa til hliðsjónar þær vegalengdir sem keppt er í á UMÍ og SMÍ. Vegalengdir og keppnisform ásamt göngutækninni skal ákvarðast af skíðagöngunefnd ár hvert.

Rökstuðningur: Orðalagsbreytingar úr mótanefnd í skíðagöngunefnd (SGN) þar sem mótanefnd hefur verið lögð niður. Einnig að SGN ákveði vegalengdir og keppnisform en ekki mótshaldari.

ÞINGSKJAL nr. 13

Tillaga að breytingu á lögum SKÍ

Flutningsaðili: Brettafélag Hafnarfjarðar, Brettafélag Fjarðarbyggðar og Skíðadeild Ármanns.

Núverandi grein er:

10. grein - Stjórn SKÍ

Stjórn SKÍ skipa sjö manns sem kosnir eru á Skíðapingi til tveggja ára.

Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður sem kosinn er sérstaklega
Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum sem hér segir:
2. Varaformaður
3. Ritari
4. Gjaldkeri
5. Meðstjórnandi

Kjósa skal fyrsta, annan og þriðja varamann til tveggja ára og skulu þeir taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir eru kosnir. Taki varamaður sæti í stjórn í stað aðalmanns skal hann sitja út kjörtímabilið.

Eftir breytingar:

10. grein - Stjórn SKÍ

a) Stjórn SKÍ skipa sjö manns sem kosnir eru á Skíðapingi til tveggja ára.

Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður sem kosinn er sérstaklega
Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum sem hér segir:
2. Varaformaður
3. Ritari
4. Gjaldkeri
5. Meðstjórnandi

Kjósa skal fyrsta, annan og þriðja varamann til tveggja ára og skulu þeir taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir eru kosnir. Taki varamaður sæti í stjórn í stað aðalmanns skal hann sitja út kjörtímabilið.

b) Stjórnarmönnum og nefndarmönnum í fastanefndum ber að víkja sæti við umræðu og afgreiðslu mála ef mál varðar hann, maka hans eða aðila sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Einnig ber honum að víkja sæti ef fyrir hendi eru atvik eða aðstæður sem eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.

Rökstuðningur:

ÞINGSKJAL nr. 14

Tillaga að breytingu á lögum SKÍ

Flutningsaðili: Brettafélag Hafnarfjarðar og Skíðadeild Ármanns

Núverandi grein er:

5. grein - Skíðaping skal halda í maí annað hvert ár. Boða skal til þess með auglýsingu og/eða tilkynningu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum SKÍ. Málefni sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þingið. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð; síðara fundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Tillögur um breytingar á lögum skulu berast stjórn SKÍ fyrir 1. október fyrir næsta þing til að geta hlotið umfjöllun á Skíðapingi. Tillögur skulu kynntar aðildarfélögum fyrir 1. nóvember. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp með skemmri fyrirvara að fengnu samþykki $\frac{2}{3}$ hluta þingfulltrúa.

10. grein - Stjórn SKÍ

Stjórn SKÍ skipa sjö manns sem kosnir eru á Skíðapingi til tveggja ára. Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður sem kosinn er sérstaklega

Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum sem hér segir:

2. Varaformaður

3. Ritari

4. Gjaldkeri

5. Meðstjórnandi

Kjósa skal fyrsta, annan og þriðja varamann til tveggja ára og skulu þeir taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir eru kosnir. Taki varamaður sæti í stjórn í stað aðalmanns skal hann sitja út kjörtímabilið.

12. grein - Stjórn SKÍ skal á hverju hausti boða formenn skíðaráða og skíðafélaga/-deilda ásamt öðrum fulltrúa til formannafundar. Verkefni fundarins er að kynna mótaskrá, fara yfir samþykktir síðasta skíðapings og undirbúa starf komandi vetrar. Ennfremur skal formannafundur taka til umfjöllunar tillögur um breytingar á lögum sem leggja á fyrir næsta skíðaping. Á því ári sem ekki er skíðaping skal stjórn SKÍ boða til málþings um stöðu og málefni skíðahreyfingarinnar.

Eftir breytingar:

5. grein - Skíðaping skal halda í maí á hverju ári. Boða skal til þess með auglýsingu og/eða tilkynningu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum SKÍ. Málefni sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þingið. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð; síðara fundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Tillögur um breytingar á lögum skulu berast stjórn SKÍ fyrir 1. október fyrir næsta þing til að geta hlotið umfjöllun á Skíðapingi. Tillögur skulu kynntar aðildarfélögum fyrir 1. nóvember. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp með skemmri fyrirvara að fengnu samþykki $\frac{2}{3}$ hluta þingfulltrúa.

10. grein - Stjórn SKÍ

Stjórn SKÍ skipa sjö manns sem kosnir eru á Skíðapingi til eins árs. Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður sem kosinn er sérstaklega

Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum sem hér segir:

2. Varaformaður

3. Ritari

4. Gjaldkeri

5. Meðstjórnandi

Kjósa skal fyrsta, annan og þriðja varamann til tveggja ára og skulu þeir taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir eru kosnir. Taki varamaður sæti í stjórn í stað aðalmanns skal hann sitja út kjörtímabilið.

12. grein - Stjórn SKÍ skal á hverju hausti boða formenn skíðaráða og skíðafélaga/-deilda ásamt öðrum fulltrúa til formannafundar. Verkefni fundarins er að kynna mótaskrá, fara yfir samþykktir síðasta skíðapings og undirbúa starf komandi vetrar. Ennfremur skal formannafundur taka til umfjöllunar tillögur um breytingar á lögum sem leggja á fyrir næsta skíðaping.

Rökstuðningur:

ÞINGSKJAL nr. 15

Tillaga að breytingu á reglugerð um Andrésar Andar leikana

Flutningsaðili: Skíðafélag Akureyrar

Núverandi grein er:

3. Keppa skal í eftirtöldum greinum:

Alpagreinar drengir og stúlkur

Skíðaganga drengir og stúlkur

Svig eða leikjabraut	7 ára og yngri	Skíðaganga (H)	7 ára og yngri	1,0 km
Svig	8 ára	Skíðaganga (H)	8 ára	1,0 km
Svig	9 ára	Skíðaganga (H)	9 ára	1,5 km
Svig	10 ára	Skíðaganga (H)	10 ára	2,0 km
Svig	11 ára	Skíðaganga (H)	11 ára	2,5 km
Svig	12 ára	Skíðaganga (H)	12 ára	3,0 km
Svig	13 ára	Skíðaganga (H)	13 ára	5,0 km
Svig	14 ára	Skíðaganga (H)	14 ára	5,0 km
Svig	15 ára	Skíðaganga (H)	15 ára	5,0 km
Stórsvig	7 ára og yngri	Skíðaganga (F)	7 ára og yngri	1,0 km
Stórsvig	8 ára	Skíðaganga (F)	8 ára	1,0 km
Stórsvig	9 ára	Skíðaganga (F)	9 ára	1,5 km
Stórsvig	10 ára	Skíðaganga (F)	10 ára	2,0 km
Stórsvig	11 ára	Skíðaganga (F)	11 ára	2,5 km
Stórsvig	12 ára	Skíðaganga (F)	12 ára	3,0 km
Stórsvig	13 ára	Skíðaganga (F)	13 ára	5,0 km
Stórsvig	14 ára	Skíðaganga (F)	14 ára	5,0 km
Stórsvig	15 ára	Skíðaganga (F)	15 ára	5,0 km

Eftir breytingar:

3. Keppa skal í eftirtöldum greinum:

*Alpagreinar drengir og stúlkur**Skíðaganga drengir og stúlkur*

Svig eða leikjabraut	7 ára og yngri	Skíðaganga (H)	7 ára og yngri	1,0 km
Svig	8 ára	Skíðaganga (H)	8 ára	1,0 km
Svig	9 ára	Skíðaganga (H)	9 ára	1,5 km
Svig	10 ára	Skíðaganga (H)	10 ára	2,0 km
Svig	11 ára	Skíðaganga (H)	11 ára	2,5 km
Svig	12 ára	Skíðaganga (H)	12 ára	3,0 km
Svig	13 ára	Skíðaganga (H)	13 ára	5,0 km
Svig	14 ára	Skíðaganga (H)	14 ára	5,0 km
Svig	15 ára	Skíðaganga (H)	15 ára	5,0 km
Stórsvig	7 ára og yngri	Skíðaganga (F)	7 ára og yngri	1,0 km
Stórsvig	8 ára	Skíðaganga (F)	8 ára	1,0 km
Stórsvig	9 ára	Skíðaganga (F)	9 ára	1,5 km
Stórsvig	10 ára	Skíðaganga (F)	10 ára	2,0 km
Stórsvig	11 ára	Skíðaganga (F)	11 ára	2,5 km
Stórsvig/skíðaat*	12 ára	Skíðaganga (F)	12 ára	3,0 km
Stórsvig/skíðaat*	13 ára	Skíðaganga (F)	13 ára	5,0 km
Stórsvig/skíðaat*	14 ára	Skíðaganga (F)	14 ára	5,0 km
Stórsvig/skíðaat*	15 ára	Skíðaganga (F)	15 ára	5,0 km

***Keppt verður í svigi, stórsvigi og skíðaat sem möguleiki á þriðju grein á næstu tveimur leikum 2016 og 2017.**

Rökstuðningur:

Búið er að krýna Íslandsmeistara í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni sem og bikarmeistara í 14-15 ára á UMÍ þannig að við viljum auka fjölbreytni í skíðaíþróttinni með því að hafa val um þetta á Andrésar Andar leikunum. Við erum vissir um að þessi breyting myndir verða til þess að halda iðkendum lengur inni í skíðaíþróttinni og er það til hins góða.